



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2011

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 21 – 21. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Í henni felst að velferðarráðherra verði falið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga að koma á reglulegum árlegum heimsóknum í forvarnarskyni sem bjóðist öllum 75 ára og eldri. Markmið þessara heimsókna er að fara yfir alla þætti sem varða heilsu og aðstæður hins aldraða og metið hvort að viðkomandi þurfi á einhverri aðstoð að halda og hvernig best sé að haga henni.

Mannréttindaskrifstofan fagnar þessari tillögu og telur hana geta stutt við sjálfræði eldri borgara. Félagsmálasáttmáli Evrópu fjallar í 13. gr. um réttinn til félagslegrar aðstoðar og læknishjálpar, en þar segir m.a. að ríkin skuldbindi sig til að tryggja, að sérhverjum manni, sem hefur ónóg fjárráð og sem ekki getur aflað sér þeirra af eigin rammleik, verði veitt næg aðstoð. Í þessum rétti er talinn felast rétturinn til húsnæðis. Í 4. gr. viðauka við félagsmálasáttmálann frá árinu 1988 er fjallað sérstaklega um rétt aldraðra til húsnæðis sem að fellur að þörfum þeirra og heilsu eða stuðnings til þess að aðlaga eigið húsnæði. Nauðsynlegt er þó að taka fram í þessu sambandi að Ísland hefur aðeins undirritað þennan viðauka en ekki fullgilt hann.

Nauðsynlegt er að ólíkir kostir séu fyrir hendi til að mæta mismunandi þörfum eldri borgara. Einnig er hægt að koma á úrræðum til handa fólki sem vill aðlaga húsnæði sitt að breyttum forsendum efri árána svo að það þurfi ekki að flytja. Fagaðilar ættu að meta hvaða endurbætur og breytingar þurfi að gera ásamt því að kanna möguleika á notkun hjálpartækja til að auðvelda áframhaldandi búsetu á efri árum. Mikilvægt er að auka valkosti í húsnæðismálum og aðstoð við aldraða til þess að fólk geti búið sem lengst á eigin heimili.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna A Pálmadóttir, lögfræðingur